

Nd.

140. Framvörp

til laga um breyting á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Töluliðirnir 8.—10. í 1. gr. laganna orðist svo:

8. Af óbrenndu kaffi og kaffibæti allskonar 40 aurar af hverju kg.
9. Af allskonar brenndu kaffi 50 aurar af hverju kg.
10. Af sykri og sýrópi 10 aurar af hverju kg.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Greinargerð.

Með tollögum árið 1889 var lagður 10 aura tollur á hvert kaffipund og 5 aura tollur á hvert sykarpund, sem til landsins flyzt. Hélt tollur þessi óbreyttur til 1911; þá var hann hækkaður um 50%, upp í 30 aura af kaffi og kaffibæti og 15 aura af sykri pr. kg. og þá jafnframt ákveðinn 40 aura tollur pr. kg. af brenndu kaffi. Árið 1921 var kaffitollurinn enn hækkaður um 100%, upp í 60 aura af óbrenndu kaffi og kaffibæti og 80 aura af brenndu kaffi pr. kg. Og 1924 var 25% gengisviðaukanum bætt ofan á, og komst þá kaffitollurinn upp í 75 og 100 anra og sykurtollurinn upp í 19 aura pr. kg. Loks nam Alþingi 1928 gengisviðaukann á kaffi- og sykurtolli úr lögum og féll hann niður í ársbyrjun 1929. Er því tollurinn nú: af óbrenndu kaffi 60 aurar pr. kg., af kaffibæti 75 aurar pr. kg. og af sykri 15 aurar pr. kg.

Innkaupsverð á góðum strausykri, en það er sú sykurtegund, sem mest er notað af, var síðastliðið ár í stórsölu f. o. b. Hamborg frá kr. 23,14 til kr. 24,50 pr. 100 kg., eða 23—24¹/₂ e. hvert kg. komið í skip. Um miðjan janúar síðastl. var verðið kr. 22,70 pr. 100 kg. f. o. b. Hamborg, eða innan við 23 anra hvert kg., og mun svipað nú.

Sykurtollurinn er því nú um 2/3 hlutar eða 66% af innkaupsverði.

Kaffiverðið lækkaði mikið síðastliðið ár, úr 75 sh. í ágúst niður í 51 sh. í desember pr. 50³/₄ kg. c. i. f. Reykjavík. Um áramótin síðustu var verðið á heldur góðum tegundum í Hamborg 50¹/₄ sh. pr. 50³/₄ kg. c. i. f. Reykjavík. Flutningskostnaður etc. er um 4 kr. pr. 50 kg. frá Hamborg til Reykjavíkur. Innkaupsverðið hefir því verið rétt um 1 krónu hvert kg. í skipi í Hamborg og hefir ekki hækkað síðan.

Kaffitollurinn er því um 2/3 hlutar eða 60% af innkaupsverði.

Verð á kaffibæti (Lndvig David) var síðastliðið ár frá 85—90 kr. pr. 100 kg. f. o. b. Kanpmh. og Hamborg. Í október var verðið kr. 88,44 eða nm 88²/₃ eyrir hvert kg., og hefir síðan ekki breytt að ráði.

Kaffibætistollarinn er því nú um ¹⁷/₁₀ hlutar eða 85% af innkaupsverðinu.

Sykur er nær eingöngu fullkomin nauðsynjavara. Hann er holl, nærandi og andmelt fæða. Og þótt ekki verði hið sama sagt um kaffi og kaffibæti, er það orðin svo algeng neyzluvara hjá öllum almenningi, að flestnm er mjög örðugt að vera án þess. Einmitt þeir, sem minnst geta veitt sér af mjólk og verða að búa við mesta fábreytni í matarhæfi, en það eru fátækir fjölskyldumenn í kaupstöðnm, kaupúnum og sveitnm, geta sízt án sykurs verið — og reyndar kaffisins líka. Næst verðtoilinum af fatnaði og vefnaðarvörum er kaffi- og sykurtollarinn þyngsti skattinn, sem lagður er á þá, sem hafa fyrir mörgnm að sjá og búa við bág kjör og engin efni. Eins og aðrir tollar fellnr hann harðast á þá menn, sem eiga stærstan barnahópinn, hafa flesta að fæða og klæða. Meðan kaffi- og sykurtollnrinn var hæstur, mun hafa látið nærri, að hann hafi numið 80—100 krónum á ári á meðal-verkamannafjölskyldu hér í Reykjavík.

Humar, skelfiskar og aðrar dýrar kræsingar eru tollaðar með liðlega 30% af innkaupsverði, demantar, skartgripir, gnll- og silfurdjásn svipað. Kampavín er tollað með 25—30%. En á sykurrinn, eina allra algengustu neyzluvöru almennings, er lagður 66% tollur af innkaupsverði og á kaffi og kaffibæti 60—85%.

Þarf ekki að eyða orðum að því, hvílikt ranglæti og fásinna slíkar tollaálögnr ern.

Árin 1924—1927 var innflutningur af kaffi og sykri samkv. verzlunar-skýrslnm sem hér segir:

Ár	Óbrennt kaffi og kaffibætir.	Sykur og sýróp.
1924 . . .	556 þús. kg.	3663 þús. kg.
1925 . . .	558 — —	3487 — —
1926 . . .	611 — —	3910 — —
1927 . . .	597 — —	3960 — —

Að meðaltali ca. 580 þús. kg. og ca. 3750 þús. kg. hvert árið.

Innflutningurrinn fer yfirleitt heldur vaxandi, og er því mjög varlegt að áætla samkv. frv.:

Kaffi- og kaffibætistollinn . . .	ca. kr. 232 þús.
sykurtollinn	— — 375 —
og toll af brenndn kaffi . . .	— — 15 —
	<u>Samt. kr. 622 þús.</u>

Í fjárlögum yfirstandandi árs er kaffi- og sykurtollur áætlaðnr 850 þús. krónur. Verður því tekjumissir ríkissjóðs, ef frv. verður að lögnm, nm 230 þús. kr. frá því, sem fjárlögin gera ráð fyrir.

Með því að taka npp einkasölu á tóbaki — frv. um það efni mun bráðlega verða lagt fyrir Alþingi — og t. d. eldspýtnm, má auðveldlega bæta ríkissjóði þennan tekjumissi að fullu.

Er það ólíkt réttara og hagfelldara, að ríkið afli sér tekna á þann hátt að taka í sínar hendur einkasölu á einstökum vörntegundum, en með því að tolla algengustu þurftar- og nauðsynjavörnr almennings langtum freklegar en fært hefir þótt að tolla dýrnstu krásir, djásn og skartgripi.

Með einkasölu getur ríkissjóður aflað sér tekna án þess á nokkrum hátt að auka álögur á þjóðina. Heildsölugróðinn, sem nú fer í vasa örfárra stórsala rennur þá í ríkissjóðinn og að auki sá hagnaður, sem verður vegna skipulegri rekstrar og minni tilkostnaðar, þegar verzlunin er á einni hendi.

Allt of lengi hefir þjóðinni verið íþyngt með gífurlegum tollaálögum á algengustu nauðsynja- og þurftarvörnr og framleiðsluvörnr. Með þessu hefir lög-gjafinn skapað og haldið við dýrtið í landinn og erfiðleika fyrir atvinnuvegina. En sjálfsögðustu skattastofnunum, eins og arði og hátekjum, skuldlausnum eignum og fasteignum, sem eingöngu fyrir aðgerðir hins opinbera hafa margfaldast í verði á skömmum tíma, hefir verið hlíft við réttmætum og eðlilegum álögum. Og verzlunarhagnaði tóbakseinkasölnnar hefir ríkið afsalað sér og látið hann eftir örfánum stórsölnum.

Í frv. til laga nm tekju- og eignarskatt, þskj. 137, breytingartillögum við frv. til laga nm verðtoll, þskj. 139, frv. til laga nm fasteignaskatt, þskj. 138, frv. því, er þessi greinargerð fylgir, og frv. til laga nm ríkiseinkasölu á tóbaki, sem bráðlega mun verða lagt fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir, að horfið sé að því ráði að létta tollum af nauðsynlegum varningi og nota meira en verið hefir hina síðasttöldu tekjustofna.

Samkv. fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir, að eftirtaldir skattar og tollar nemi:

Fasteignaskattur . . .	kr. 250 þús.
Tekju- og eignarskattur . . .	— 1200 —
Kaffi- og syknrtollur . . .	— 850 —
Vörutollur	— 1350 —
Verðtollur	— 1500 —
Samtals	kr. 5150 þús.

En samkv. framangreindum frv. og tillögum, ef að lögum verða, er áætlað, að þessir skattar og tollar til ríkissjóðs nemi næsta ár:

		Hækkun	Lækkun
Fasteignaskattur	kr. 850 þús.	600 þús.	
Tekju- og eignarskattur	— 2050 —	850 —	
Verðtollur (í stað verðt. og vörut.)	— 1420 —		1430 þús.
Kaffi- og syknrtollur	— 620 —		230 —
Samtals	kr. 4940 þús.	1450 þús.	1660 þús.

Þarf því tóbakseinkasalan að veita ríkissjóði um 210 þús. kr. tekjur til þess að tekjur ríkissjóðs verði hinar sömn og gert er ráð fyrir í fjárlögum þessa árs, að öðrum tekjulíðnum óbreyttum.